



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

### **Svar við fyrirspurn vegna gjaldtöku í Vetrargarðinum**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 23. október 2023 þar sem óskað er upplýsinga um hvort stefnt sé að gjaldtöku í fyrirhugaðan Vetrargarð í Jafnaseli. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort stefnt sé að gjaldtöku í fyrirhugaðan Vetrargarð í Jafnaseli? Borið hefur á umræðu þar sem það er jafnvel fullyrt að taka eigi gjald af þeim sem hyggjast njóta Vetrargarðsins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur miklar áhyggjur ef þetta verður raunin því gjaldtaka mun útiloka börn frá efnaminni og fátækum foreldrum. Gjaldtaka mun þannig stuðla að aðskilnaði barna í hverfinu þ.e. þau sem geta heimsótt Vetrargarðinn og þau sem geta það ekki. Utanumhald á slíku fyrirkomulagi sem gjaldtaka er, er auk þess kostnaðarsöm.“

Samkvæmt upplýsingum frá menningar- og íþróttasviði um rekstur fyrirhugaðs vetrargarðs í Jafnaseli kemur fram að vetrargarðurinn sé fjölskyldugarður með áherslu á skíði, hjóltreiddar og útiveru. Starfsemin verði fyrst og fremst miðuð að þjónustu við börn og fjölskyldur sem eru að taka sín fyrstu skref í þessum íþróttagreinum. Ætlunin er að garðurinn geti þjónustað leik- og grunnskólahópa og börn frá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Að auki geti skíða- og brettafélög á höfuðborgarsvæðinu nýtt garðinn til æfinga. Stefnt er að því að tryggja samfelldan rekstur með það í huga að bjóða þjónustu á svæðinu allan ársins hring og að garðurinn verði aðgengilegur fyrir alla. Fjárfesting í Vetrargarðinum verður umtalsverð að teknu tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda og gert ráð fyrir að þegar starfsemin verði komin í fullan rekstur verði hófleg gjaldtaka fyrir aðgang að garðinum sem og aðgengi að búnaði. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um útfærslu gjaldskrár vegna gjaldtökunnar.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs